

BORGARSTJÓRN 3. september 2019: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um táknaálstúlkun á fundum borgarstjórnar - R19090030

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að borgarstjórnarfundir verði túlkaðir á táknaáli. Borgarstjórnarfundir eru tvisvar í mánuði að meðaltali 6-7 klukkustundir hver. Hér er um mannréttindamál að ræða og með því að táknaálstúlka fundi borgarstjórnar er borgarstjórn að framfylgja lögum. Tillagan er liður í að rjúfa enn frekar einangrun heyrnarskertra og heyrnarlausra einstaklinga. Þessi hópur á rétt á því að fá upplýsingar úr samfélaginu og þ.m.t. að geta fylgst með umræðu á sviði stjórnmalanna. Íslenska og táknaál heyrnarlausra eru jafn réthá. Talið er að um 350-400 einstaklingar reiða sig á íslenskt táknaál til tjáningar og samskipta. Að táknaálstúlka fundi borgarstjórnar er vel gerlegt. Hægt er að sjá fyrir sér að túlkunin yrði í útsendingunni frá fundinum, þ.e. sér myndavél væri á túlkunum og túlkunin í glugga á skjánum. Þá getur fólk farið inn á útsendinguna hvar sem það er statt í borginni. Kostnað við að táknaálstúlka borgarstjórnarfundum er lagt til að verði tekið af liðnum „ófyrriséd“. Verkið yrði boðið út samkvæmt útboðsreglum borgarinnar. Í útboði þarf að tryggja að þeir sem gera tilboð í verkið séu með menntun á sviði táknaálstúlkunar. Þær tæknilegu breytingar sem þyrftu að koma til færu einnig í útboð.

Greinargerð:

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaáls frá 7. júní 2011 3 gr. segir að Íslenskt táknaál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Segir ennfremur að stjórnvöld skulu hlúa að því og styðja. Hver sem hefur þörf fyrir táknaál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknaál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

Í 5. grein laganna um íslenska táknaálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra segir:

Notendur íslenska táknaálsins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun á íslensku eða túlkun á íslenskt táknaál eftir því sem við á.

Óheimilt er að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist, tómsundur eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis eða þess að hann notar táknaál. Vísað er einnig í Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) en hann er alþjóðasamningur sem felur í sér skyldur aðildarríkja til þess að tryggja réttindi fatlaðs fólks.

Íslensk stjórnvöld undirrituðu samninginn árið 2007, fullgiltu hann 2016 en hafa enn ekki lögfest hann. Alþingi samþykkti vorið 2019 þingsályktunartillögu sextán þingmanna að ríkisstjórninni yrði falið að undirbúa lögfestingu SRFF og að frumvarpið skuli lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 13. desember 2020.

Lögfesting samningsins mun tryggja að fatlað fólk á Íslandi geti byggt rétt sinn á samningnum með beinum hætti. Það þýðir verulega réttarbót.

Í samningnum segir: Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.